

Alþingi  
Erindi nr. P 122/2066  
komudagur 28.4.1998



Félagsmálanefnd Alþings  
Kristín Ástgeirsdóttir, formaður  
Þórshamri  
150 Reykjavík

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 150 Reykjavík  
kennitala: 550169 - 2829  
sími: 560 9200 bréfasími: 562 8280  
netfang: postur@fjr.stjr.is  
veffang: <http://www.stjr.is/fjr>

Reykjavík 27. apríl 1998  
Tilvísun: 98020013/11-7-3 ÁG/--

Ljóst er orðið að frumvarp til laga um stimpilgjald verður ekki afgreitt á yfirstandandi þingi. Í 41.gr. frumvarpsins er fjallað um stimpilgjald vegna félagslegra íbúða. Í tilefni af framlagningu frumvarps til laga um húsnæðismál var lögð fram breytingatillaga við þá grein í efnahags- og viðskiptanefnd.

Breytingatillagan var í samræmi við það sem fram kom í framsöguræðu fjármálaráðherra og er svohljóðandi:



"Ekki skal greiða stimpilgjald af viðbótarláni sem Íbúðalánasjóður veitir samkvæmt lögum um húsnæðismál. Þá skal ekki greiða stimpilgjald af heimildarbréfum fyrir íbúð þegar viðbótarlán er veitt til kaupa á henni."

Þar sem of seint er orðið að leggja fram frumvarp til breytinga á núgildandi lögum um stimpilgjaldið leggur ráðuneytið til að 48.gr. frumvarpsins um húsnæðismál verði breytt til samræmis við ofangreinda tillögu og hljóði svo:

Ekki skal greiða stimpilgjald af viðbótarláni sem Íbúðalánasjóður veitir. Þá skal ekki greiða stimpilgjald af heimildarbréfum fyrir íbúð þegar viðbótarlán er veitt til kaupa á henni.

Það skal þó tekið fram að ráðuneytið lítur svo á að sú stefna sem mörkuð var í frumvarpinu til laga um stimpilgjald að öll lagaákvæði sem fjalla um stimpilgjald og undanþágu frá henni eigi að vera í þeim lögum sé óbreytt. Hlýtur því að koma til skoðunar þegar löggin um stimpilgjald verða tekin aftur til endurskoðunar að fjalla um stimpilgjaldsskyldu vegna þeirra íbúða sem hér um ræðir í lögum um stimpilgjald.

F.h.r.

Afrit sent:  
Félagsmálaráðuneytið